

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. september 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stýrihóp vegna húsnæðissáttmála höfuðborgarsvæðisins

Borgarstjórn samþykkir að stofna stýrihóp þriggja borgarfulltrúa, tveggja frá meirihluta og eins frá minnihluta, undir forystu formanns borgarráðs sem gegni því hlutverki að marka stefnu svo hægt sé að byggja meira, hraðar og fjölbreyttara húsnæði. Stýrihópurinn getur, sé það talið fýsilegt, leitt saman sveitarstjórnarfólk af höfuðborgarsvæðinu, aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að nýju byggingarátaki verði ýtt úr vörum með sem skilvirkustum hætti og þannig mæta mikilli eftirspurn á húsnæðismarkaði og leysa með því framboðsvanda húsnæðis sem blasir við öllum hagaðilum. Stýrihópurinn hefst þegar handa og skal skila af sér fyrstu tillögum eigi síðar en í desember á þessu ári.